



BRÚIN

Barn – ráðgjöf – úrræði

Ný nálgun í Hafnarfirði í þjónustu við leik- og grunnskólabörn

Hulda Björk Finnsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri (MPM)
BRÚARINNAR í Hafnarfjarðarbæ



Hulda Björk Finnsdóttir

Undanfarin ár hefur fagfólk og foreldrar lýst yfir þungum áhyggjum af þeirri ómarkvissu þjónustu sem börn og unglingar fá í íslensku heilbrigðis- og velferðarkerfi. Fjöldi úttekta hefur verið gerður á kerfunum síðustu ár og sýna þær fram á óskilvirkni í þjónustu við þennan hóp. Einnig eru vísbendingar um að andlegri heilsu íslenskra barna og unglunga fari hrakandi. Fram hefur komið að skipting ábyrgðar milli þjónustuaðila á vegum ríkis og sveitarfélaga er óljós. Biðlistar hafa orðið langir og takmarkað framboð verið á úrræðum. Kallað hefur verið eftir heildstæðari stuðningi frá ólíkum stofnunum í nærumhverfi barnsins og fjölskyldu þess. Í þessu sambandi hefur verið bent á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og þörf á auknu samráði fagaðila sem að grunnþjónustunni koma. Með grunnþjónustu er jafnan átt við þjónustu sem veitt er í leik- og grunnskólum, en einnig skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaganna auk heilsugæslunnar.

BRÚIN – ný nálgun


Í Hafnarfirði hefur samráðshópur frá Fjölskylduþjónustu og Fræðslu- og frístundaþjónustu unnið síðastliðin tvö ár að hugmyndum um nýja nálgun í þjónustu við leik- og grunnskólabörn. Í framhaldi af þeirri vinnu fór nýtt verkefni af stað haustið 2018 sem fengið hefur heitið **BRÚIN, barn – ráðgjöf – úrræði**. Markmið verkefnisins er að auka lífsgæði leik- og grunnskólabarna Hafnarfjarðar og efla stuðning og þjónustu á fyrri stigum. Með BRÚNNI er lögð áhersla á aukið samstarf milli fagfólks Fjölskylduþjónustu og Fræðslu- og

frístundaþjónustu Hafnarfjarðar og byggist verkefnið á verkferlum og úrræðum sem þegar eru í notkun í leik- og grunnskólum bæjarins.

Sviðstjórar Fjölskylduþjónustu og Fræðslu- og frístundaþjónustu tryggja verkefninu framgang og fjármagn. Þeir sitja í stýrihópi verkefnisins ásamt verkefnastjóra BRÚARINNAR, skólastjórnendum og fagfólki Fjölskylduþjónustu og Fræðslu- og frístundaþjónustu. Hlutverk stýrihópsins er að viðhalda þróun BRÚARINNAR. Í því felst að hópurinn fylgir eftir verkferlum sem teknir hafa verið í notkun og metur virkni þeirra og árangur.



Mynd 1. Í forsvari fyrir verkefnið hjá Hafnarfjarðarbæ eru Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu, Fanney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu (t.v.), og Hulda Björk Finnsdóttir verkefnastjóri (t.h.).



Mynd 2. Verkferill lausnateyma.

Fyrst í stað er unnið eftir þessari nýju nálgun í sjö leikskólum og þremur grunnskólum Hafnarfjarðar. Skólarnir taka þátt í frekari þróun verkefnisins sem síðar verður innleitt í alla leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar. Bæjaryfirvöld Hafnarfjarðar hafa stutt vel við verkefnið. Þrír starfsmenn hafa verið ráðnir til að tryggja verkefninu brautargengi, styðja þróun þess og fylgja eftir mótun nýrra úrræða innan sem utan skólanna. BRÚIN er ekki tímabundið átak heldur er hún öðru fremur breytt verklag í þjónustu við börn og fjölskyldur hjá Hafnarfjarðarbæ.

Verkferill og stigskipt þjónusta

Með BRÚNNI er lögð áhersla á þverfaglega og stigskipta þjónustu sem fer fram í lausnateymi leik- og grunnskólanna.

Í málefnum barna og nemenda með vægar stuðningsþarfir nýtir starfsfólk leik- og grunnskóla þau úrræði sem skólarnir hafa yfir að ráða. Náms- og félagsleg staða nemandans er skoðuð ásamt kennslu- aðstæðum og kennsluháttum og viðeigandi úrræði sett af stað. Stuðst er við ýmis úrræði sem nú þegar eru til innan skólanna og stuðla að jákvæðri hegðun og góðum skólabrag. Hafi úrræði ekki skilað árangri innan ákveðins tíma er málinu vísað inn í lausnateymi skólans.

Lausnateymi

Í lausnateyimum leikskóla sitja skólastjórnendur og sérkennslustjóri. Í lausnateyimum grunnskóla sitja deildarstjóri stoðþjónustu, námsráðgjafi, deildarstjóri tómstunda og skólahjúkrunarfræðingur. Einnig sitja í lausnateyimum beggja skólastiga ráðgjafar frá Fjölskylduþjónustu, sálfræðingar og sérkennslufulltrúar frá Fræðslu- og frístundapjónustu. Hlutverk lausnateyma er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna til stuðnings barni og fjölskyldu þess. Í lausnateymi fer fram þverfagleg lausnaleit. Nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns er rædd með samþykki foreldra. Vandinn er greindur og farið yfir þau gögn sem liggja fyrir, eins og fyrri greiningar eða úrræði sem þegar hafa verið reynd. Í framhaldinu eru viðunandi úrræði, bæði innan skólans, Fjölskylduþjónustu og Fræðslu- og frístundapjónustu, virkjuð til að bregðast sem fyrst við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins. Dæmi um úrræði og námskeið sem Hafnarfjörður býður upp á eru: PMTO-foreldrafærninámskeið, PTC-meðferð, Klókir krakkar, Litlir klókir krakkar, stuðningsviðtöl við unglínglinga og foreldra og þjónusta inn á heimili til að styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Lausnateymið getur einnig leitað eftir ráðgjöf til annarra fagaðila innan Hafnarfjarðar, eins og verkefnastjóra PMTO, kennsluráðgjafa, kennsluráðgjafa fjölmenningar, talmeinafræðinga, fagaðila stuðningsþjónustu og fleiri.




Ef úrræði lausnateyma skila ekki viðunandi árangri er máli nemandans vísað til nemendaverndarráðs í grunnskólanum. Ef barnið þarf á víðtækari þjónustu að halda vísar nemendaverndarráð máli barnsins eftir atvikum til Fjölskylduþjónustu eða Fræðslu- og frístundaþjónustu. Þjónustan sem um ræðir getur verið sálfræðilegt mat, þroskamát eða sérkennsluráðgjöf. Hafi starfsfólk skóla áhyggjur af aðbúnaði eða heimilis- aðstæðum barns getur nemendaverndarráð tilkynnt málið til barnaverndar. Í leikskólanum er ekki starfandi nemendaverndarráð og vísar því lausnateymi málum barna beint til Fjölskylduþjónustu eða Fræðslu- og frístundaþjónustu þegar við á.

BRÚIN er nýsköpunar- og þróunarverkefni með skilgreindum mælanlegum markmiðum. Fylgst verður með fjölda þeirra mála sem lausnateymin vinna að, málum sem vísað er til greiningar og fjölda barnaverndartilkynninga. Einnig verður fylgst með nýtingu á þeim úrræðum sem nú þegar eru aðgengileg. Rætt verður við starfsfólk þátttökuskóla BRÚARINNAR í lok skólaárs 2018–2019 til að meta virkni nýrra verkferla og reynslu af verkefninu. Til þess að árangursmeta vinnslu hvers máls fyrir sig er notað matstækið ESTER, en með því má skoða áhættu- og verndandi þætti í nærumhverfi barns.

Þverfagleg samvinna í nærumhverfi barns

Rannsóknir gefa til kynna að samvinna ólíkra stofnana í nærumhverfi barns með félagslegan eða geðheilbrigðisvanda getur haft áhrif á námsárangur þess, hegðun og líðan. Slíkt samstarf hefur reynst sérstaklega vel í flóknum málum einstaklinga þar sem þörf er á að tengja saman ólíkar fagstéttir (Bruns og Walker, 2010). BRÚIN er byggð á hugmyndafræði slíkrar samvinnu, þvert á stofnanir ríkis og sveitarfélaga. BRÚIN nær því einnig til samráðsteyma heilsugæslunnar í Hafnarfirði og Barna- og unglingageðdeildar (BUGL). Þar fer fram þverfagleg samvinna, með samþykki foreldra, í málefnum barna með fjölpættan vanda. Markmið samráðsteymanna er að stytta boðleiðir og biðtíma eftir þjónustu.

Sem lið í enn frekari þróun þverfaglegrar samvinnu eru Fjölskylduþjónustan og Fræðslu- og frístundaþjónustan að setja í gang tilraunaverkefni með Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Markmið verkefnisins er að lögð sé áhersla á forvarnarvinnu og snemmtæka íhlutun þvert á stofnanir til þess að gæta hagsmuna barna og ungmenna með áhættuhegðun. Í tilraunaverkefninu mun starfsmaður lögreglunnar vinna náið með stjórnendum leik- og grunnskóla, félagsmiðstöðvum og öðru starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar sem starfar í þágu barna og unglunga. Hafnarfjörður vinnur einnig að því um



Mynd 3. Samvinna er lykilatriði.

þessar mundir að verða *barnvænt sveitarfélag*. Um er að ræða líkan sem UNICEF á Íslandi hefur þróað í samstarfi við umboðsmann barna til að styðja innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélaga. Almennur vilji er fyrir því í Hafnarfirði að gera réttindi barna að rauðum þræði í starfi tengdu börnum og unglingum í sveitarfélaginu. Hafnarfjörður er auk þess *heilsu-eflandi samfélag* þar sem áhersla er lögð á velferð og líðan allra í samfélaginu.

Með áframhaldandi þróun BRÚARINNAR verður leitast við að auka skilvirkni í þjónustu við börn og unglunga. Hugað verður að því að við nýtingu fjárframlaga verði tekið mið af greiningum á sérþörfum tengdum námi eða fötlun. Við þróun verkefnisins var stuðst við niðurstöður úttektar Evrópumíðstöðvar á menntun án aðgreiningar hér á landi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2017). Verklag BRÚARINNAR miðar þar af leiðandi að því að auðvelda starfsfólki Hafnarfjarðar að vinna að stefnunni Menntun fyrir alla.

Vonir standa til um að aukin þverfagleg nálgun í þjónustu við börn og unglunga og snemmtæk íhlutun dragi úr þörf fyrir aðkomu barnaverndar. Einnig er vonast til að kröfur um ítarlegar greiningar minnki og færri börn í Hafnarfirði þrói með sér fjölpættan vanda.

Heimildir:

Bruns, E. J. og Walker, J. S. (2010). *The Wraparound Process: An Overview of Implementation*. National Wraparound initiative. Sótt af [www.nwi.pdx.edu/NWI-book/Chapters/Bruns-5a.2-\(implementation-essentials\).pdf](http://www.nwi.pdx.edu/NWI-book/Chapters/Bruns-5a.2-(implementation-essentials).pdf)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2017). *Menntun fyrir alla á Íslandi. Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi*. Sótt af www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=cca962f5-be4f-11e-7-9420-005056bc530c